



Skýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Smára 2009

Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi

Nefndarfólk: Kolbrún Haraldsdóttir, Stefanía Sigurðardóttir, Maja Roldsgaard, Einar Logi Sigurgeirsson og Vigdís Furusetth

Mikið hefur verið um að vera á árinu í æskulýðsstarfinu hjá hestamannafélaginu Smára. Á Flúðum er nú risin frábær aðstaða, reiðhöll ásamt nýju mótssvæði. Skiptir það miklu máli fyrir okkur því öll aðstaða til barna- og unglingastarfs hefur breyst til hins betra með tilkomu reiðhallarinnar.

Starfið hjá okkur hófst á skemmti- og fræðslukvöldi í febrúar þar sem fengin var Guðrún Magnúsdóttir reiðkennari með fyrirlestur en að því loknu var farið í leiki og bornar fram veitingar. Um 30 börn mættu á fræðslukvöldið auk nokkurra foreldra og tókst það vel í alla staði.

Í mars var fjölmennt í rútu á sýninguna „Æskan og hesturinn“ í Víðdal. Allir skemmtu sér vel á sýningunni og að henni lokinni fór hópurinn á pizzastað áður en haldið var heim á ný.

Í byrjun apríl var farið með 25 börn og unglunga í Hestheima. Þar fór fram reiðkennsla auk þess sem þátttakendur fóru í útreiðatúra og leystu hin ýmsu verkefni. Lagt var af stað á laugardagsmorgni og þegar allir höfðu komið sér fyrir var farið í hádegismat og síðan var hópnum skipt upp í 4 hópa.

1. hópur fór í reiðtíma í reiðhöllinni undir stjórn Guðrúnar Magnúsdóttur reiðkennara.
2. hópur fór í útreiðatúr í nágrenninu.
3. hópurinn fór í kembu-og snyrti keppni en það gekk út á að kempa, snyrta og skreyta sinn hest.
4. hópurinn undirbjó skemmtiatriði fyrir kvöldvökuna um kvöldið. Síðan rúlluðu hóparnir eftir þessari dagskrá þar til allir höfðu lokið öllum stöðvum.

Eftir stöðvarvinnuna tóku krakkarnir sig til og þrifu og báru á reiðtygin sín undir handleiðslu nefndarfólks. Eftir góðan kvöldmat var kvöldvaka og ýmislegt brallað fram eftir. Það voru þreyttir en ánægðir krakkar sem sofnuðu í Hestheimum þetta kvöld. Á sunnudagsmorgni var farið í útreiðatúra, ýmis verkefni leyst og að lokum frágangur og brottför um miðjan daginn.

Börnin voru til fyrirmyndar og allir mjög ánægðir með vel heppnaða helgi bæði í leik og starfi.

Reiðnámskeið hófst í apríl og stóð fram í maí. Um kennsluna sá Guðrún Magnúsdóttir og fór kennslan fram á Flúðum auk þess sem reiðtímar í Hestheimum var hluti af námskeiðinu. Var námskeiðið vel sótt.

Skapast hefur sú hefð að fulltrúar æskulýðsnefndar fara í grunnskólana á svæði félagsins og teyma undir nemendum á vordögum. Var farið bæði í Flúðaskóla og Þjórsárskóla.



Í byrjun júlí var farið í barna- og fjölskyldureiðtúr og var þátttakan góð eða um 60 manns. Var komið ríðandi úr báðum sveitum félagsins og hist á Álfaskeiði. Þar var boðið upp á grillaðar pylsur og farið í leiki. Góð stemning skapaðist á þessum fallega stað þar sem börn og fullorðnir skemmtu sér saman.



Þann 22. ágúst var haldin æskulýðsdagur Smára á Flúðum. Um 30 börn og unglingar tóku þátt auk fjölda fullorðinna en dagurinn var fjölskylduhátíð þar sem ungir og aldnir léku sér saman. Dagskráin hófst á atriðinu „Teymt undir börnunum“ en þetta atriði er fyrir þau allra yngstu þar sem fullorðnir hjálpa þeim allra yngstu. Var gaman að sjá hvað yngstu knaparnir voru duglegir og höfðu góða stjórn á hestunum. Næst var töltkeppni barna og unglinga og var sérstaklega litið til þátta eins og ásetu auk samspils knapa og hests. Síðan var slegið á léttu strengi og keppt í mjólkurreið. Þátttakendur voru á öllum aldri og keppnin æsispennandi. Þrautakeppni var næst á dagskránni en hún fór fram í reiðhöllinni. Þátttakendum var skipt í tvo flokka eftir aldri og var brautin flóknari fyrir þau eldri. Börnin

sýndu snilldar takta og gaman að sjá hversu vel þeim gekk að leysa þrautirnar. Á meðan að þrautakeppnin fór fram fengu gestir veitingar í boði æskulýðsnefndar. Í lokin voru allir knapar kallaðir fram á sínum hestum og fengu þeir viðurkenningarpening fyrir þátttökuna. Var samdóma álit allra að dagurinn hefði tekist vel og þátttakendur héldu heim sælir og glaðir.



Æskulýðsnefndin hefur haldið 5-6 fundi á árinu auk þess sem tölvupóstur og sími hefur mikið verið notaður í samskiptum. Samstarfið hefur gengið ljómandi vel og andinn góður í nefndinni.

Bestu kveðjur frá Æskulýðsnefnd Smára

Kolbrún Haraldsdóttir, formaður

Stefanía Sigurðardóttir,

Maja Roldsgaard,

Einar Logi Sigurgeirsson,

Vigdís Furueth